



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda leikskóla og leikskóladeilda sem voru opnaðar á kjörtímabilinu 2018-2022**

Á 233. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. júní 2022, lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Hversu margir nýir leikskólar voru teknir í notkun á kjörtímabilinu 2018-2022? Hversu margar nýjar ungbarnadeildir og leikskóladeildir voru opnaðar á síðasta kjörtímabili?*

#### **Svar:**

Þrjú leikskólar voru teknir í notkun á kjörtímabilinu 2018-2022:

- Ungbarnaleikskólinn í Bríetartúni
- Ævintýraborg við Eggertsgötu
- Ævintýraborg við Nauthólsveg (Ævintýraborg við Nauthólsveg opnaði í mars 2022 í einni deild í húsnæði Ævintýraborgar við Eggertsgötu. Áætlað er að opna leikskólann í eigin leikskólahúsnæði við Nauthólsveg í september 2022)

Á kjörtímabilinu voru 18 nýjar leikskóladeildir opnaðar:

- Ungbarnaleikskólinn í Bríetartúni 4 deildir
- Ævintýraborg Eggertsgötu 4 deildir
- Ævintýraborg á Nauthólsveg 1 deild (staðsett í Ævintýraborg Eggertsgötu)
- Dalskóli 2 deildir (fjölmennar deildir, svipað og 4 hefðbundnar deildir)
- Seljakot 2 deildir
- Gullborg 1 deild
- Maríuborg 1 deild
- Jöklaborg 2 deildir
- Kvistaborg 1 deild

Á kjörtímabilinu voru 37 yngstu deildum í leikskólum breytt í ungbarnadeildir .